



Jafnréttisáætlun Ásahrepps

2023 – 2026

1. Inngangur

Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020, nr. 85/2018 og nr. 86/2018 fjalla um jafnrétti kynjanna. Markmið laganna er að kom á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kynjanna og jafna þannig stöðu kynjanna á öllum samfélagssviðum. Áætlun þessi er gerð samkvæmt lögum nr. 151/2020.

Jafnrétti felur m.a. í sér að:

- ✓ Fólki af öllum kynjum hafi jöfn áhrif í samfélaginu. Allir einstaklingar skulu eiga jafna möguleika á að njóta eigin atorku og þroska hæfileika sína óháð kyni.
- ✓ Efnahagslegt jafnræði sé milli allra kynja. Einstaklingar af öllum kynjum eiga að hafa sömu möguleika til menntunar, launavinnu og fjárhagslegs sjálfstæðis. Vinna skal gegn launamisrétti og annarri mismunun á grundvelli kyns á vinnumarkaði.
- ✓ Jafna skiptingu umönnunar- og heimilisstarfa. Gera þarf fólki af öllum kynjum kleift að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf. Allir eiga að bera sömu ábyrgð á heimilisstörfum og hafa sömu möguleika á að annast sína nánustu og þiggja umönnun.
- ✓ Breyta hefðbundnum kynjaímyndum og neikvæðum staðalímyndum. Margar af þeim hefðbundnu kynjaímyndum og staðalímyndum um hlutverk kvenna og karla sem eru ríkjandi í samfélaginu koma í veg fyrir að hver og einn einstaklingur geti notið hæfileika sinna og atorku til fulls.

Segja má að jafnrétti kynjanna þýði að kynin hafi í samanburði við hvort annað til ráðstöfunar og umráða:

- ✓ Jafnmikið af fjármagni og jafnmikil efnahagsleg völd.
- ✓ Jafnmikil völd.
- ✓ Jafnmikla vinnu á sinni könnu, bæði launaða og ólaunaða.
- ✓ Jafnmikinn frítíma.
- ✓ Njóti jafnmikillar virðingar.
- ✓ Jafngóða heilsugæslu.
- ✓ Jafnmikla þekkingu.
- ✓ Jafnmikið rými.
- ✓ Jafnmikla viðurkenningu.

Jafnrétti snýst þannig um að jafna aðgang að gæðum. Mikilvægt jafnréttismál er að útrýma kynbundnu ofbeldi og klámvæðingu. Jöfn staða fólks af öllum kynjum er grundvallarréttur og jöfn þátttaka í ákvörðunartöku er forsenda lýðræðislegs þjóðfélags.

Í lögum um stjórnýslu jafnréttismála nr. 151/2020 er kveðið á um að sveitarfélög skipi jafnréttisnefndir og geri jafnréttisáætlanir með framkvæmdaáætlun. Hreppsnefnd Ásahrepps fer með jafnréttismál sveitarfélagsins og mun hafa umsjón með gerð jafnréttisáætlana til fjögurra ára, þar sem m.a. kemur fram hvernig unnið skuli að kynjasambætting á öllum sviðum ásamt framkvæmdaáætlun um það hvernig koma skuli í veg fyrir mismun á stöðu kynjanna innan sveitarfélagsins, sbr. 13. grein laga nr. 151/2020

Hlutverk og skyldur sveitarfélagsins er margþætt og skuldbindur sveitarfélagið sig til að vinna að jafnræði á þremur megin sviðum:

- ✓ Ásahreppur sem stjórnvald.
- ✓ Ásahreppur sem atvinnurekandi.
- ✓ Ásahreppur sem þjónustuveitandi.

Framkvæmd

Hreppsnefnd Ásahrepps ber ábyrgð á jafnréttisáætlun sveitarfélagsins. Starfsmaður sveitarstjórnar er sveitarstjóri sem skal vera til ráðgjafar í málaflokknum jafnt fyrir starfsmenn sem og kjörnum fulltrúum þess. Jafnréttisáætlun skal kynnt öllum starfsmönnum sveitarfélagsins og kjörnum fulltrúum. Jafnréttisáætlunin gildir frá 2023 – 2027.

2. Ásahreppur sem stjórnvald

Skipan í nefndir, ráð og stjórnir.

Unnið skal markvisst að því að jafna hlut kynja í nefndum, ráðum og stjórnnum á vegum sveitarfélagsins. við skipan í nefndir, ráð og stjórnir, skal þess gætt að hlutfall kynjanna sé sem jafnast og ekki minna en 40% þegar um fleiri en þrjá fulltrúa er að ræða.

Aðgerð: Gera úttekt á kynjahlutföllum í nefndum ráðum og stjórnnum og kynna það fyrir hreppsnefnd.

Tímasetning: Fyrir 1. mars ár hvert.

Ábyrgð: Sveitarstjóri / oddviti.

Aðgerð: Ef breytingar verði á nefndarskipan á kjörtímabilinu, að þá verði þess gætt að tilnefna fulltrúa af því kyni sem hallar á í nefndina.

Tímasetning: 2023 – 2027.

Ábyrgð: Hreppsnefnd.

Aðgerð: Öll framboð til sveitarstjórna eru hvött til þess bréflega að konur og karlar hafi jafnt vægi á listum og þess gætt við kosningu í nefndir, ráð og stjórnir að hlutverk kynjanna sé sem jafnast.

Tímasetning: Fyrir sveitarstjórnarkosningar.

Ábyrgð: Sveitarstjórn og sveitarstjóri.

Kynjasambætting.

Kynjasambættingar skal gætt við alla stefnumótun og áætlanagerð á vegum sveitarfélagsins og stofnana þess.

Aðgerð: Fræðsla og námskeið frá Jafnréttisstofu um kynjasambættingu fyrir sveitarstjórnarmenn, stjórnendur stofnana og það starfsfólk sem áhuga hefur á jafnréttismálum.

Tímasetning: Á árinu 2025.

Ábyrgð: Sveitarstjóri / oddviti.

3. Ásahreppur sem atvinnurekandi

Launajafnrétti

Við ákvörðun launa skal þess gætt að kynjum sé ekki mismunað. Öllum kynjum skulu greidd jöfn laun og skulu þau njóta sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf. Með jöfnum launum er átt við að laun séu ákveðin á sama hátt fyrir öll kyn. Laun eru í 9. tölulið 2. gr. jafnréttislaga skilgreind sem almennt endurgjald fyrir störf og hvers konar frekari þóknun, bein og óbein, hvort heldur er með hlunnindagreiðslum eða með öðrum hætti sem atvinnurekandi greiðir starfsmanni sínum fyrir vinnu hans.

| | |
|---------------------|---|
| Aðgerð: | Hreppsnefnd óskar eftir upplýsingum frá launafulltrúa sveitarfélagsins um hvort til staðar sé kynbundinn launamunur í sveitarfélaginu og ef svo er, þá gerir hreppsnefnd áætlun um hvernig hún hyggist jafna hlut kynjanna. |
| Tímasetning: | Október 2024 og október 2026. |
| Ábyrgð: | Hreppsnefnd. |

Laus störf og starfsauglýsingar

Starf sem laust er til umsóknar skal standa opið jafnt fólki af öllum kynjum. Stefnt er að því að halda sem jöfnustu hlutfalli kynjanna í mismunandi starfsgreinum innan sveitarfélagsins.

| | |
|---------------------|--|
| Aðgerð: | Í auglýsingum eru störf ókyngreind og þess gætt að hafa öll kyn í huga við gerð þeirra. Sérstaklega skal hvetja fólk af öllum kynjum til að sækja um auglýst störf. Þó er heimilt að auglýsa sérstaklega eftir því kyni sem hallar á ef tilgangurinn er að stuðla að jafnari kynjaskiptingu innan starfsgreinarinnar og skal það þá koma fram í auglýsingunni. |
| Tímasetning: | Í ráðningarferli. |
| Ábyrgð: | Hreppsnefnd, sveitarstjóri. |

Stöðuveitingar og störf

Jafnréttissjónarmið verði metin til jafns við önnur mikilvæg sjónarmið sem ráða við stöðuveitingar. Sérstök áhersla er lögð á jafna stöðu kynjanna í stjórnunar- og áhrifastöðum.

| | |
|---------------------|--|
| Aðgerð: | Ef kynjahalli er til staðar þá ber hreppsnefnd að sýna sérstaka aðgát vegna jafnréttissjónarmiða þegar nýráðningar eða tilfærslur eru í störfum og reyna eftir fremsta megni að rétta hlut þess kyns sem á hefur hallað. |
| Tímasetning: | Þegar gengið er frá ráðningum. |
| Ábyrgð: | Hreppsnefnd og sveitarstjóri. |

Starfsþjálfun, endurmenntun og framgangur í starfi

Tryggt verði fólki af öllum kynjum njóti sömu möguleika til starfsþjálfunar og endurmenntunar. Þess verði gætt við úthlutun verkefna og tækifæra til að axla ábyrgð, sem og þegar um framgang eða tilfærslu í störfum er að ræða, eð einstaklingum sé ekki mismunað vegna kynferðis. Sama gildir um starfs- eða vinnuhópa sem starfsfólk er skipað í.

| | |
|---------------------|---|
| Aðgerð: | Haldið verði utan um þátttöku starfsfólks í námskeiðum, endurmenntun og í starfs- og vinnuhópum. Greina skal hvort á annað kynið hallar við nýtingu slíkra tækifæra. Komi slíkt í ljós ber að reyna eftir fremsta megni að leiðrétta það. |
| Tímasetning: | Fyrir 1. júní ár hvert. |
| Ábyrgð: | Sveitarstjóri / oddviti. |

Jafnvægi milli atvinnu- og fjölskyldulífs

Sveitarfélagið leitast við að skapa starfsmönnum sínum aðstæður til að samræma kröfur atvinnu- og einkalífs eins og kostur er. Gert verði ráð fyrir að fólk af öllum kynjum njóti sveigjanleika til að sinna fjölskyldum sínum. Óheimilt er að láta fæðingar- og foreldraorlof, eða aðrar aðstæður tengdar meðgöngu og barnsburði, hafa neikvæð áhrif á ákvarðanir um framgang í starfi, endurmenntun, uppsögn, vinnuáðstæður og fleiri slíka þætti sem fram koma í 1. mgr. 26. gr. jafnréttislaganna. Starfsmenn skulu eiga kost á hlutastörfum og sveigjanlegum vinnutíma eftir því sem kjarasamningar og aðstæður leyfa.

| | |
|---------------------|--|
| Aðgerð: | Feður jafnt sem mæður verði hvattir til að nýta sér rétt sinn til fæðingarorlofs og veikindadaga vegna veikinda barna. |
| Tímasetning: | Fyrir 1. mars ár hvert. |
| Ábyrgð: | Sveitarstjóri / oddviti. |

Kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni

Kynbundið ofbeldi, kynferðisleg áreitni er með öllu óheimil á vinnustöðum sveitarfélagsins. Allt starfsfólk á rétt á því að komið sé fram við það af virðingu og að það sæti ekki kynbundinni eða kynferðislegri áreitni. Í jafnréttislögum eru eftirfarandi skilgreiningar:

Kynbundin áreitni: Hegðun sem tengist kyni þess sem fyrir henni verður, er í óþökk viðkomandi og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi og skapa aðstæður sem eru ógnandi, fjandsamlegar, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi fyrir viðkomandi. Eitt tilvik getur talist kynbundin áreitni ef það er alvarlegt.

Kynferðisleg áreitni: Hvers kyns kynferðisleg hegðun sem er í óþökk þess sem fyrir henni verður og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi, einkum þegar hegðunin leiðir til ógnandi, fjandsamlegra, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi aðstæðna. hegðunin getur verið orðbundin, táknræn og/eða líkamleg. Eitt atvik getur talist kynferðisleg áreitni ef það er alvarlegt.

Kynbundið ofbeldi: Ofbeldi á grundvelli kyns sem leiðir til eða gæti leitt til líkamlegs, kynferðislegs eða sálræns skaða eða þjáninga þess sem fyrir því verður, einnig hótun um slíkt, þvingun eða handahófskennda sviptingu frelsis, bæði í einkalífi og á opinberum vettvangi. Eitt tilvik getur talist kynbundið ofbeldi ef það er alvarlegt.

| | |
|---------------------|---|
| Aðgerð: | Afhenda og kynna fræðslu- og leiðbeiningarbækling vinnueftirlitsins um einelti og kynferðislega áreitni á vinnustöðum. Forvarnir og viðbrögð, til allra stjórnenda stofnana og hreppsnefndar. |
| Tímasetning: | Fyrir 1. september ár hvert. |
| Ábyrgð: | Sveitarstjóri / oddviti. |

| | |
|---------------------|--|
| Aðgerð: | Undirbúnar verklagsreglur um meðferð mála sem varða kynbundið ofbeldi, kynbundna og kynferðislega áreitni og þær kynntar og gerðar aðgengilegar fyrir allt starfsfólk hreppsins. |
| Tímasetning: | September 2025. |
| Ábyrgð: | Sveitarstjóri / oddviti. |

4. Ásahreppur sem þjónustuveitandi

Þjónusta

Tryggja á jafnan aðgang fólks af öllum kynjum að þjónustu sveitarfélagsins. Við ákvarðanir um tilhögun hennar skal taka mið af þörfum kynjanna og áhrifum á fólk.

| | |
|---------------------|--|
| Aðgerð: | Upplýsingar um þjónustu sem sveitarfélagið veitir skal vera kyngreind og ef í ljós kemur að þjónustan virðist henta einungis einu kyni skal gerð áætlun um hvernig hægt sé að breyta þjónustunni svo hún henti öllum kynjum. |
| Tímasetning: | Júní 2025. |
| Ábyrgð: | Hreppsnefnd. |

Íþrótt-, tómsunda-, leik- og grunnskólastarf

Allt uppeldis- og tómsundastarf, menntun og fræðsla skal hafa jafna stöðu kynjanna að leiðarljósi. Styrkja skal jákvæð samskipti og gagnkvæma virðingu kynjanna í öllu starfi með börnum og unglingum og þau skulu hvött til að rækta hæfileika sína og persónuþroska án hamlandi áhrifa hefðbundinna kynjaímynda. Skólayfirvöld og stjórnendur félags- og tómsundastarfs, styrki jákvæða kynímynd og vinni gegn skaðlegum áhrifum klámvæðingar meðal unglinga.

| | |
|---------------------|---|
| Aðgerð: | Skólayfirvöld sjái til þess eftir fremsta megni að námsefni mismuni ekki kynjum og í náms- og starfsfræðslu verði lögð áhersla á að kynna öllum kynjum störf sem hingað til hafa verið álitin hefðbundin kvenna- og karlastörf. |
| Tímasetning: | fyrir 20. ágúst ár hvert. |
| Ábyrgð: | Stjórn Odða bs, skólastjórnendur. |

Íþrótt- og tómsundastarf skal skipulagt með þarfir og hagsmuni allra kynja í huga, svo sem varðandi tímasetningu og aðstöðu.

| | |
|---------------------|---|
| Aðgerð: | Greina út frá kynjum upplýsingar um iðkendur í íþrótt- og tómsundastarfi og komi í ljós að fyrirkomulag starfseminnar sé með þeim hætti að tækifæri og möguleikar kynjanna séu ekki jafnir skal þegar leita leiða til úrbóta. |
| Tímasetning: | Fyrir 1. október ár hvert. |
| Ábyrgð: | Sveitarstjóri / oddviti. |

| | |
|---------------------|--|
| Aðgerð: | Skólayfirvöld sjái til þess eftir fremsta megni að nemendur hljóti jafnréttis- og kynjafræðslu |
| Tímasetning: | fyrir 20. ágúst ár hvert. |
| Ábyrgð: | Stjórn Odða bs, skólastjórnendur. |

| | |
|---------------------|---|
| Aðgerð: | Skólayfirvöld sjái til þess eftir fremsta megni að virkum forvörnum sé beitt við kynbundnu ofbeldi, áreitni og kynferðilegri áreitni. |
| Tímasetning: | fyrir 20. ágúst ár hvert. |
| Ábyrgð: | Stjórn Odda bs, skólastjórnendur. |

Aðilar sem njóti aðstöðu eða annarra styrkja frá sveitarfélaginu gæti þess að kynjum sé ekki mismunað í starfi þeirra.

| | |
|---------------------|---|
| Aðgerð: | Starfsmenn og/eða hreppsnefnd sem sjá um samningagerð við félagasamtök að fram komi í áætlun hvernig starfsemi þeirra muni nýtast öllum kynjum. |
| Tímasetning: | Þegar samningar við félagasamtök eru geriðir eða eru lausir. |
| Ábyrgð: | Hreppsnefnd. |

Áætlun þessi hefur verið samþykkt í hreppsnefnd Ásahrepps þann 23. ágúst 2023 og gildir til þriggja ára og verður endurskoðuð fyrir lok árs 2026.

Laugalandi, 23. ágúst 2023

Valtýr Valtýsson
sveitarstjóri Ásahrepps